# GJALDSKRÁ

**Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

## Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli, sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

## Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

*Tóbaksvarnir.*

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit með, sbr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

*Um meðhöndlun úrgangs.*

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 16.500 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga. | kr. 17.200 |

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis: | eitt og hálft tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Nýtt leyfi: | tvöfalt tímagjald |
| Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Önnur leyfi: | |
| Leyfisgjald | tvöfalt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 1. nóvember 2018, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. nóvember 2018 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 11. desember 2018, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 939/2016 og auglýsing nr. 1059/2017, fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 13. desember 2018.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Hörður Þorsteinsson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Akstursíþróttasvæði og/eða akstursæfingabraut [1)] | 1 | | 49.500 |
| Alifuglarækt [1)] | 1 | | 90.750 |
| Áfengisverslun [2)] | 0,25 | | 12 375 |
| Bakarí [2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Bakarí, verslun, minni háttar veitingasala [1)] [2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Bakarí og veitingasala [1)] [2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Bensínstöð, sjálfsafgreiðsla [1)] | 1 | | 66.000 |
| Bílgrein, lítið bifreiða- eða vélaverkstæði [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Bílgrein, viðgerðaraðstaða, bónstöð o.þ.h. [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. [1)] | 1 | | 82.500 |
| Bílgrein, smurstöð [1)] | 0,5 | | 49.500 |
| Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja [1)] | 0,5 | | 57.750 |
| Bílgrein, hjólbarðaverkstæði [1)] | 0,5 | | 16.500 |
| Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði [1)] | 0,5 | | 49.500 |
| Bílgrein, margþætt starfsemi [1)] | 0,5 | | 103.125 |
| Bílgrein, bifreiðasprautun [1)] | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein, réttingaverkstæði [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Bílgrein, þvotta- og bónstöð [1)] | 0,5 | | 49.500 |
| Bílgrein, partasala [1)] | 2 | | 99.000 |
| Brenna [1)] | 1 | | 49.500 |
| Búsetuúrræði [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, v/félags- og/eða heilbrigðisþjónustu [1)] | 1 | | 66.800 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, v/matvælastarfsemi [2)] | 1 | 1 | 91.450 |
| Dýralæknastofa [1)] | 0,5 | | 19.800 |
| Efnalaug og/eða þvottahús [1)] | 0,5 | | 57.750 |
| Endurhæfing með sundlaug [1)] | 1 | 1 | 66.700 |
| Endurnýting úrgangs úr öðru en málmum [1)] | 0,5 | | 61.875 |
| Fangageymsla [1)] | 0,5 | | 20.625 |
| Félagsaðstaða, samkomustaður o.þ.h. [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Félagsaðstaða, samkomustaður o.þ.h. með eldhúsi [1)] [2)] | 0,5 | | 37.125 |
| Fiskbúð [2)] | 1 | 1 | 83.200 |
| Fiskverkun – almenn [1)] | 1 | | 82.500 |
| Fiskverkun – vinnsla aukaafurða [1)] | 1 | | 132 000 |
| Fjallaskáli [1)] | 0,5 | | 20 625 |
| Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu [1)] | 0,25 | | 24.750 |
| Flutningur eða móttaka spilliefna [1)] | 0,5 | | 35.063 |
| Fótaaðgerðarstofa [1)] | 0,5 | | 24.800 |
| Framleiðsla eða pökkun á kornvörum [2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu [1)] | 1 | | 82.500 |
| Framleiðsla og átöppun neysluvatns [2)] | 1 | 1 | 116.200 |
| Framleiðsla og átöppun drykkjarvara annarra en neysluvatns [2)] | 1 | 1 | 132.700 |
| Framleiðsla á dýrafóðri [1)] | 0,5 | | 33.000 |
| Framleiðsla á matvöru til matvælavinnslu [2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Framleiðsla á steinsteypu [1)] | 1 | | 82.500 |
| Framleiðsla á matvælaumbúðum [2)] | 1 | | 90.750 |
| Framleiðsla tilbúinna rétta [2)] | 1 | 1 | 116.200 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæl [2)] | 1 | | 90.750 |
| Gasbirgðastöð [1)] | 0,5 | | 57.750 |
| Gámastöð [1)] | 0,5 | | 16.500 |
| Gisting, hótel, veitingasala [1)] [2)] | 1 | 1 | 132.700 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Gisting – gistiheimili eða lítið hótel með veitingasölu [1) 2)] | 1 | 1 | 91.450 |
| Gistiheimili án veitingasölu [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Gisting, heimagisting með starfsleyfi [1)] | 0,25 | | 8.250 |
| Gleriðnaður [1)] | 1 | | 49.500 |
| Grjótnám [1)] | 0,5 | | 49.500 |
| Grunnskóli án mötuneytis [1)] | 0,5 | | 49.500 |
| Grunnskóli með mötuneyti [1) 2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Gæludýraverslun [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Gæsluvöllur og opið leiksvæði [1)] | 1 | | 57.750 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofa [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Hárgreiðslustofa [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Heilsugæslustöð [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Heimili með félags- og/eða heilbrigðisþjónustu [1) 2)] | 0,5 | | 49.500 |
| Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir [1)] | 1 | | 49.500 |
| Hestaíþróttasvæði þ.m.t. reiðhöll [1)] | 1 | | 70.125 |
| Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda [1)] | 1 | | 57.750 |
| Húðflúrstofa [1)] | 1 | | 49.500 |
| Húðgötun [1)] | 1 | | 49.500 |
| Íþróttahús, takmarkað umfang [1)] | 1 | | 49.500 |
| Íþróttahús [1)] | 1 | | 82.500 |
| Íþróttavellir [1)] | 1 | | 49.500 |
| Kaffibrennsla [1)] | 0,5 | | 37.125 |
| Kaffihús, takmarkað umfang [1) 2)] | 0,5 | | 20.625 |
| Kaffihús og krá [1) 2)] | 1 | | 57.750 |
| Kappaksturs- og æfingabraut [1)] | 1 | | 49.500 |
| Kennslustaður, framhaldskólastig, mötuneyti [1) 2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Kennslustaður, verknám í matvælavinnslu [1) 2)] | 1 | 1 | 124.450 |
| Kennslustaður, s.s. dansskóli, ökuskóli, tónlistarskóli o.þ.h. [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Kjötiðn, mjólkuriðn, reykhús eða niðursuða sbr. reglugerð nr. 550/2018 [1)] | 0,5 | | 37.125 |
| Kjötiðn, mjólkuriðn, reykhús eða niðursuða sbr. reglugerð nr. 103/2010 [2)] | | | |
| Krá, samkomustaður og veitingar [1) 2)] | | | 124.450 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla eða pökkun [2)] | 1 | 0,5 | 91.100 |
| Kvikmyndahús [1)] | 1 | | 49.500 |
| Leikhús [1)] | 1 | | 24.750 |
| Leikskóli án mötuneytis [1)] | 1 | | 74.250 |
| Leikskóli með mötuneyti [1) 2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Líkamsræktarstöð, takmarkað umfang [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Líkamsræktarstöð [1)] | 1 | | 49.500 |
| Líkamsræktarstöð, með heitum pottum [1)] | 2 | 1 | 116.200 |
| Læknastofa [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Læknastofur, röntgen og/eða aðgerðastofa [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Malar- og sandnám - efnistaka á vatnsverndarsvæði [1)] | 1 | | 115.500 |
| Matjurtarækt, fræ- eða baunaspírur o.þ.h. [2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Matjurtir, framleiðsla og/eða pökkun [2)] | 1 | 1 | 74.950 |
| Matsölustaður, veitingaverslun með takmarkað umfang [2)] | 1 | 1 | 91.450 |
| Matsölustaður, veitingahús [1)] | 1 | 1 | 107.950 |
| Matvörusala, takmarkað umfang [2)] | 1 | | 41.250 |
| Matvörusala, takmarkað umfang og dreifing frá vöruhóteli [2)] | 1 | | 33.000 |
| Matvörusala með sérhæfða matvöru í umbúðum [2)] | 1 | | 33.000 |
| Matvöruverslun með vinnslu [2)] | 2 | 1 | 149.200 |
| Matvöruverslun með vinnslu og takmarkað umfang [2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Matvöruverslun án vinnslu [2)] | 1 | 1 | 83.200 |
| Matvörudreifing s.s. heildverslun með eigin birgðageymslu [2)] | 1 | | 41.250 |
| Málmiðn; sandblástur [1)] | 1 | | 74.250 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Málmiðn, blikksmíði og skyld starfsemi [1)] | 0,5 | | 14.438 |
| Málmiðn, flotkví og viðhald skipa [1)] | 1 | | 103.125 |
| Málmiðn, járn-, ál- eða stálsmiðja [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Málmiðn, vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Málmiðn, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Málmiðn, spennaviðgerðir [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Meðferð og húðun málma [1)] | 1 | | 74.250 |
| Móttaka brotamálms [1)] | 2 | | 148.500 |
| Móttaka á úrgangi til endurnýtingar [1)] | 1 | | 57.750 |
| Mötuneyti [1) 2)] | 1 | 1 | 91.450 |
| Mötuneyti, takmarkað umfang [1) 2)] | 1 | | 57.750 |
| Neysluvatn, átöppun og dreifing [2)] | 1 | 1 | 116.200 |
| Nuddstofa [1)] | 0,5 | | 22.688 |
| Pappírsvöruframleiðsla sem ekki er ætlað að komast í sneringu við matvæli [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Plastiðnaður, vinnsla með plast og frauðefni [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Prentiðnaður [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Pökkun á sápuefnum o.þ.h [1)] | 0,5 | | 57.750 |
| Rafgeymaverksmiðja og verkstæði [1)] | 0,5 | | 26.813 |
| Rafvélaverkstæði [1)] | 0,5 | | 26.813 |
| Reykhús og/eða reykofn [1) 2)] | 0,5 | | 29.700 |
| Sala á tilbúnum mat, takmarkað umfang [2)] | 2 | 1 | 77.000 |
| Sala á tilbúnum mat [2)] | 2 | 1 | 96.000 |
| Samkomusalir [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Skotvöllur [1)] | 1 | | 41.250 |
| Skólphreinsistöð, takmarkað umfang s.s. rotþró o.þ.h. [1)] | 1 | | 66.000 |
| Smáhýsi (matvörudreifing) eða matsöluvagn [2)] | 1 | 1 | 41.250 |
| Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. [2)] | 0,25 | | 10.313 |
| Snyrtistofa [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Sorpflutningar og sorphirða [1)] | 1 | | 70.125 |
| Sólbaðstofa [1)] | 1 | | 57.750 |
| Spennistöð [1)] | 0,5 | | 10.313 |
| Steinsmíði [1)] | 1 | | 49.500 |
| Steinsmíði, takmarkað umfang [1)] | 0,5 | | 24.750 |
| Sumarbúðir [1) 2)] | 1 | | 66.000 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð [2)] | 1 | 1 | 99.700 |
| Sundlaug, endurhæfingarlaug [1)] | 1 | 1 | 66.700 |
| Sund- og baðstaður, takmarkað umfang [1)] | 3 | 2 | 207.650 |
| Sund- og baðstaður [1)] | 5 | 5 | 374.750 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð [2)] | 1 | 0,5 | 91.100 |
| Tannlæknastofa [1)] | 0,5 | | 45.375 |
| Tannlæknastofur [1)] | 0,5 | | 61.875 |
| Te- eða kaffipökkun [2)] | 0,5 | 0,5 | 37.475 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði [1)] | 1 | | 45.375 |
| Tóbakssala, sbr. lög nr. 6/2002 [1)] | 1 | | 49.500 |
| Trésmiðja, verkstæði [1)] | 0,5 | | 28.875 |
| Trésmiðja, með lökkun og/eða mikið umfang [1)] | 0,5 | | 33.000 |
| Varaaflstöð, olíubirgðir > 1.600 l [1)] | 1 | | 28.875 |
| Vatnsveita og vatnsból 30.000 – 50.000 íbúar [2)] | 25 | 25 | 1.873.750 |
| Vatnsveita og vatnsból 25.000 – 30.000 íbúar [2)] | 22 | 22 | 1.648.900 |
| Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar [2)] | 12 | 12 | 849.900 |
| Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 – 5.000 íbúar [2)] | 4 | 4 | 283.300 |
| Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar [2)] | 1 | 1 | 74.950 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Vatnsveita, einkavatnsból 2) | 1 | 1 | 74.950 |
| Veisluþjónusta, greiðasala og sala á tilbúnum mat 2) | 1 | 1 | 91.450 |
| Veitingastofa og/eða ísbúð 1) 2) | 1 | 1 | 91.450 |
| Veitingahús 1) 2) | 2 | 1 | 107.950 |
| Veitingavagn 2) | 1 | | 41.250 |
| Veitingaverslun, ísbúð 2) | 1 | 1 | 93.200 |
| Verslunarmiðstöð 1) | 1 | | 66.000 |
| Viðhald skipa 1) | 1 | | 103.125 |
| Vinnsla með trefjaplast 1) | 1 | | 90.750 |
| Vistheimili 1) | 0,5 | | 28.875 |
| Vörugeymsla 1) | 1 | | 70.125 |
| Þvottahús og/eða efnalaug 1) | 1 | | 57.750 |

1) Lög um hollustuhætti nr. 7/1998, með síðari breytingum.
2) Lög um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.